

REGLUGERÐ

um gestagjöld innan Vatnajökulshjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulshjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 2., 3. og 4. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn sem gistir eina nótt á tjaldstæði á þjónustusvæði A í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	1.500
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	900
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	1.300

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjál.

Gjald fyrir einn sem gistir eina nótt á tjaldstæði á þjónustusvæði B í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	1.250
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	700
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	1.000

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjál.

Gjald fyrir hverja gistieiningu í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl á þjónustusvæðum A og B er 250 kr. á nótt.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	4.500
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	2.300
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	3.500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjál.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	3.500
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	1.500
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	2.750

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjál.

Gjald fyrir sumarstæði: Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	1 mánuður	kr.	26.000
2.	1 mánuður með rafmagni	kr.	34.000
3.	2 mánuðir	kr.	52.000
4.	2 mánuðir með rafmagni	kr.	68.000
5.	3 mánuðir	kr.	78.000
6.	3 mánuðir með rafmagni	kr.	102.000

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1.	Sturtugjald, eitt skipti	kr.	300
2.	Rafmagn á tjaldsvæði, pr. sólarhring	kr.	1.000
3.	Afnot af þvottavél, eitt skipti	kr.	500
4.	Afnot af þurrkara, eitt skipti	kr.	500
5.	Afnot af aðstöðu í skála, einn dagur (án gistingar)	kr.	500
6.	Útseld vinna sérfræðinga pr. klst.	kr.	16.000
7.	Útseld vinna landvarða pr. klst.	kr.	12.000
8.	Útgáfa leyfa, stór verkefni	kr.	50.000
9.	Útgáfa leyfa, lítil verkefni	kr.	25.000
10.	Aðgangur að íshellum, pr. mann	kr.	1.000
	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að íshellum er gjaldfrjálst.

Sturtugjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi á þjónustusvæði A, sbr. 2. gr.

4. gr.

Svæðisgjald í Skaftafelli (sólarhringsgjald frá kl. 00.00 - 24.00):

1.	Flokkur A - Fólksbifreið, 5 manna og færri	kr.	750
2.	Flokkur B - Fólksbifreið, 6-9 manna	kr.	1.000
3.	Flokkur C - Rúta, 10-18 manna	kr.	1.800
4.	Flokkur D - Rúta, 19-32 manna	kr.	3.500
5.	Flokkur E - Rúta, 33-64 manna	kr.	6.400
6.	Flokkur F - Rúta, 65 manna og fleiri	kr.	9.000
7.	Bífhjól	kr.	300

Svæðisgjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 420/2019 um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 16. júní 2020.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.*Björgvin Valdimarsson.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.